

Mánudaginn 8. október 1990.

Nr. 324/1990. **Porgeir Yngvason**

gegn

Geirlaugu Þorvaldsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar: „Að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómendur að leggja efnisdóm á málið. Til vara: Að frávísun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir héraðsdómendur að kveða upp gagnaöflunarúrskurð skv. 120. gr. laga nr. 85/1936 þar sem skýrt kæmi fram hverra gagna dómurinn telur þörf á svo að kveða megi upp efnisdóm. Loks er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.“

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Af hálfu sóknaraðila er lögð á það áhersla, að í málinu liggi frammi á dómskjölum nr. 5 og 6 viðbót við verksamning og auka-reikningur, sem samþykkt séu af varnaraðila og tæknifræðingi þeim, sem hún hafi ráðið til þess að annast verkfræðiteikningar fyrir sig. Þessi tvö skjöl séu sönnunargögn um rétt sóknaraðila til meginhluta þess fjár, sem hann krefst úr hendi varnaraðila. Öðrum kröfuliðum hafi varnaraðili andmælt með efnisrökum þannig, að unnt sé að taka afstöðu til andmæla hennar. Verði eigi unnt að fallast á aðalkröfuna um, að lagt verði fyrir héraðsdómendur að kveða upp efnisdóm í málinu, sé varakrafan studd þeim rökum, að viðurhlutaminna sé að krefjast gagna, svo sem ráð sé fyrir gert í 120. gr. einkamálalaga, en vísa máli frá.

Fallast má á forsendur hins kærða dóms að öðru leyti en því, að eigi verður séð, að sóknaraðila sé skylt að fá dómkvadda matsmenn til rökstuðnings kröfum sínum. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Héraðsdómara, sem kvað upp frávísunardóminn, var rétt, eins

og málavöxtum var háttað, að kveðja meðdómendurnar til setu í dómnum og til þinghalds í málinu, áður en hann tók málið til aðalflutnings, sbr. 1. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 22. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 22. maí 1989.

Stefnandi er Þorgeir Yngvason múrarameistari, Sæbraut 15, Seltjarnarnesi.

Stefndi er Geirlaug Þorvaldsdóttir, Stigahlíð 80, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefnda verði dæmd til að greiða skuld, að fjárhæð kr. 565.794, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. janúar 1990, og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, — til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

— — —

III.

Í máli þessu hefur stefnandi hvorki lagt fram teikningar né verklýsingar né önnur gögn, sem sýna þær breytingar, sem raunverulega voru gerðar, eftir að upphaflegur verkamningur aðila, dags. 3. maí 1988, ásamt viðbót, dags. 13. maí s.á., var gerður. Ekki hefur heldur verið lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem tæki til þessara breytinga.

Fram er komið í málinu, að stefnandi hafi ekki sýnt stefndu eigin reikninga fyrir einstök atriði breytinga og viðbóta, sem gerðar voru af hans hálfu. Upplýst er, að sú sundurliðun, sem stefnandi byggir kröfur sínar á í málinu, sé gerð af hálfu verkfræðistofu, eftir að deila aðila er upp

komin. Sundurliðun þessi er ekki studd teikningum né öðrum gögnum um breytingar og viðbætur.

Skýrsla stefnanda hér fyrir dómi telst ekki hafa bætt úr framangreindum skorti á upplýsingum.

Grundvöllur þess, að dómurinn geti tekið sjálfstæða afstöðu til deilumáls aðila, er, að fyrir liggi gögn, er feli í sér upplýsingar um þessi atriði. Dómur verður því ekki lagður á málið, eins og það hefur verið lagt fyrir, og ber því að vísa því sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, dr. Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
